

mesti ókostur skuldirnar, og eru búender sagðir sitja í skuldum upp í linda. Og álita því margir í landi Filistea sitt fyrsta og æðsta skylduboð að studla að burtflutningi manna”.

Jónas þerði sér í framan og lá við að tárfrica, því hann var hinn mesti þjóðarvinur og hafði sungið mörg leikvæði um landið sér til afþreyingar, er hann á ferðum sínum hafði dvalið ein-vistum í kviði fiskjarins. En nú hlaut hann að sannfærast af fortölum meðfarþegja sinna, að landið legðist í eyði, en fólk flýdi til nýrra átthaga.

„Með fleiru en einu móti gerist nú óvistlegt á landi voru”, héldu ferðamenn áfram. „Um morgna, er húsbundi heitir á menn sína til upprisu, svara þeir oft kveðju þans óblítt: „Ilvet er þjón þinn hundur, að þú ávarpar hann þannig, enn er ekki miður morgun og munum vér enn sofa um stund”. En bíandi má sjálfur standa upp, spenna sér linda og annast um vinnu. Er það ei ólíkt „fráfærna stríði”, að koma hjúum úr rekkju, og ei ólítill þvingun ástinni, sem þó er sterkari en hel og sterkari en „fráfærna stríð”.

Kalli húsfreyja til ambáttu sinna í orðum föðurs vers Salmons áður hún stígur af rekkju og segi: „Endurnar mig með rúsírukökum”, hrópa þær millum svefnrosanna: „Eg hefi fæjt mig af mínum kyrtri, hvernig skal eg fára mig í hann aftur? Eg hefi þvegið misna fætur, hvernig skal eg gera þá óklára aftur?” Má af þessu sjá, að þær nýtast lítt, sökum svefnhöfga og leti”.

Menn voru nú farnir að gerast all-teitir og var nú geithaf-ursbelgurinn drukkinn ofan til hálfss.

### III. KAPÍTULI.

*Ræða Jónasar og frásögur hans af Kaldealandi.*

Fór nū líka að nálgast staðinn, er Jónas ætlaði til. „Þars eg hefi heitið að segja yður áður en vér skiljum hversu tilháttar í Kaldealandi, þá er það fyrst af að segja, að þeir er þangað hafa flutt, láta aldrei annað spryrjast en þeir hafi bætt hag sinn með vistaskiftunum, og að þjóð vor lifi þar sem rósir á Sharons hæðum eða rádýr á Gileadsfjöllum, því gnægð er þar um vistir og hunang og mjólk er þar á hvers mannstungu. Þó segja oss